

46. Stjórnarfundur Alnæmisbarna, 13. mars 2007

Haldinn kl.11:45 -12:30 í Orkugarði við Grensásveg.

Mætt: María, Ragna, Bjarni Rey, Hildur og Sigurlaug.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

Aðalfundarstörf – dagskrá skv. lögum félagsins

María sér um setningu fundarins. Hjalti Fransson er búin að samþykkja að verða fundarstjóri og Þráinn Friðriksson fundarritari. María flytur skýrslu stjórnar. Ársreikningurinn var yfirfarinn og samþykktur og ætlar Bjarni að leggja hann fyrir og fylgja honum eftir á fundinum.

Hvað varðar starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2007 þá erum við með í höndunum svipaða upphæð og árið 2006. Sóttum einnig um hjá Pokasjóði kr. 300.000,-. Höldum áfram samstarfi við CLF og AUF og förum a.m.k. í eina heimsókn til Kampala. Ætlum að vinna að því að fá skýrari línur í það hver árangur vinnunnar er í CLF. Stefnum að því að fjárfesta í leikskóla eða skóla í tengslum við Kitetikaskólann. Hildur segir frá stöðu kertamála sem er eini virki starfshópurinn í dag. Setjum á fót söfnunarhóp þegar fjárfestingar í Kitetika fara að skýrast. Einnig þyrfti að kanna hvað kosti að kaupa húsið sem CLF er í, en gerðum við það myndi það auðvelda starfsemi þeirra til muna, þegar við drögum okkur mestmegnis út sem styrktaraðilar um áramótin.

Félagsgjöld haldast óbreytt. Það verða engar tillögur um lagabreytingar. María, Bjarni og Helga ætla að bjóða sig aftur fram í stjórn til næstu tveggja ára og Ingibjörg býður sig fram í stjórnina í fyrsta sinn. Í lok fundarins mun fundarstjóri gefa orðið laust. Hildur sér um kertasölu á fundinum.

Helga ætlar að sjá um að senda út fréttatilkynningar til Fréttablaðsins, Morgunblaðsins og Króníkkunnar en Hildur tekur fyrir Blaðið. Allir félagsmenn eru búnir að fá tilkynningu um aðalfundinn á netinu, þeir sem ekki eru með netpóst fengu tilkynninguna í pósti. María ætlar að ljósrita skýrslu stjórnar, reikninga og tillögur til stjórnarkjörs til dreifingar á fundinum. Helga ætlar að setja skýrslu stjórnar á heimasíðuna.

Afhending viðurkenningaskjala til styrktaraðila Alnæmisbarna

Bjarni útbýr viðurkenningarskjölin og Hildur afhentir þau og tekur með sér myndavél. Búið að hafa samband við þá sem taka við skjölunum.

Smálánasjóður í þróunarríkjunum – reynsla Grameen bankans í Bangladesh

Pálína B. Matthíasdóttir verður með fyrirlestur og sér Bjarni um að hafa tölvu og öll tæknimál „í orden“.

Ný heimasíða Alnæmisbarna

Gunnlaugur Einarsson og Bjarni Reykr Kristjánsson ætla að kynna heimasíðu Alnæmisbarna í örstuttu máli.

Önnur mál

Bréf barst frá Rosette þar sem fram kemur að búið sé að lána 3 hópum úr nýja smálánasjóðnum. Þetta er lán til 18 mánaða á 10% vöxtum ísl. kr. 5000 - 6.000 á mann. Þessi lán voru veitt til símaleigu, kaup á ísskáp, hárgreiðslu, fatasaums, sölu snyrtivara, kaldra drykkja, mats o.fl.

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar